

Snarrót (*Deschampsia caespitosa*)

Enska; Tufted Hair-grass, danska; Mose-Bunke, norska; Sølvbunke, sænska; Tuvtåtel

Tegundalýsing og kjörlendur

Snarrótarpuntur er fjölært hávaxið puntgras sem myndar mjög þéttar og stundum stórar þúfur. Punturinn er keilulaga, 15-20 cm með snörpum greinum. Smáox snarrótar eru tvíblóma, dökk-fjólublá eða dökkbrún. Neðri axögnin er eintauga, sú efri þrítauga. Löng hár eru umhverfis blómagnirnar og sú neðri þeirra er með bakstæðri týtu við fótinn. Blöð eru 2-4 mm breið, og mjög snörp. Þau eru skarprifjuð og virðast, þegar horft er í gegnum þau, hvítröndótt. Slíðurhimnur efstu blaðanna eru 5-6 mm langar. Snarrót verður 40-120 cm á hæð og er sein af stað á vorin og skriður frekar seint. Hún er með harðgerðustu grösum. Kjörlendur eru gróskumikið graslendi, móar og tún og er hún algeng um allt land nema nyrst á Norðvesturlandi.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Fyrr á öldum var snarrótin í mörgum sveitum ein mikilvægasta grasslæggjan og vetrarbeitin, en í dag er hún helst notuð til uppgræðslu og er sjaldan sáð í tún. Til landgræðslu er stundum meira að segja ekki mælt með henni á láglandi á svæðum þar sem lítið er af henni. Algengara er að tún séu endurræktuð þegar að snarrótin verður þar ríkjandi. Fóðrunarvirðið er undir meðallagi og hún er sniðgengin í beitarlandi nema á veturnum af hrossum á útigangi og kúm á kálbeit að hausti. Hægt er að ná ágætu fóðurgildi af snarrót ef hún er slegin í upphafi skriðs. Við og eftir skrið fellur fóðurgildið hratt líkt og í öðrum grösum. Ef slegið er snemma má fá þokkalega háarsprettu. Þurrefnisuppskeran er yfir meðallagi sem nýtist vel í geldneyti eða hross.

Ræktunarleiðbeiningar

Kjörjarðvegur fyrir snarrót eru framræstar mýrar eða þurr engi en hann gerir annars ekki miklar kröfur til jarðvegs. Engin yrki eru til af snarrót en Landgræðsla ríkisins safnar stundum fræi til landgræðslu og þar er það mögulega fáanlegt. Þúsundkornþyngdin er um 0,2 – 0,3 g. Snarrótin spírar frekar hægt og er lengi að róta sig og gefur litla uppskeru á fyrsta ári. Honum má sá einum sér eða í blöndu með öðrum fjölærum fóðurgrösum eins og vallarfoxgrasi og vallarsveifgrasi ef einhver tilgangur er með því. Fullt sáðmagn er 15 – 20 kg á ha. Æskilegur sáðtími er seint á vori eða haustið. Sáðdypt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera þétt. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Hann gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös (sjá áburðarleiðbeiningar í Handbók bænda).

